

Ed.

700. Lög

um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí).

1. gr.

Jarðirnar Ártún og Árbær í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjélag Reykjavíkur frá 1. janúar 1929 að telja.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer framfærslu allra þeirra, sem hjálparþurfa eru eða verða og framfærslusveit elga, eða mundu eignast, ef lög þessi væru ekki sett, í Mosfellshreppi, vegna fæðingar eða dvalar á jörðum þeim, sem um ræðir í lögum þessum.

3. gr.

Reykjavíkurborg greiðir Mosfellshreppi í eitt skifti fyrir öll fimtán þúsund krónur.